

Fundur 18.11.2024 Jeremías forn grikki.

Góða kvöldið komið þið sæl.

*Góða kvöldið.*

Já já hef ég nú talað hér til ykkar og eru það margir miðlarnir.

Ég hef svo oft reynt að, grikki, forngrikki, Jeremías.

Tók ég kristna trú, hef talað til ykkar áður.

*Í gegnum annan miðil ?*

Já, mér er erfitt um mál og hér er nú ýmislegt búið að gerast og já já og okkur er oft erfitt um mál og,

*Pú varst búinn að vera lengi í myrkrinu.*

Já já við höfum nú fengið sjón til að sjá í rökkri og myrkri, og hef ég nú líka verið á hinni hliðinni, ljóshliðinni og gert eitthvað af mér og farið þá aftur á þessa hlið.

Og það gengur nú svona og svona þetta líf.

En ég er nú orðinn gamall og hreyfi mig nú lítið og ég á hér son og hann færir mér matinn og það eru hér tré sem hægt er að skera af og neyta af ávaxtanna og eru sum þess eðlis að ekki má nálgast þau, því fólk límist við þau.

En eru þau sum sem gefa ávöxt og einnig hér ýmis dýr sem hægt er að veiða sér til matar, já já það er nú ýmislegt sem menn gera.

Þeir segja okkur að tala um andana, en þetta er nú ekki þannig, já já þetta er allt að koma hjá okkur og það koma hérna stundum verur sem hjálpa okkur og reyna að koma okkur á betri leið og fræða okkur og færa okkur mat og aðrar nauðsynjar.

Já já það er nú svo, ég hef nú stundum fengið orku og staulast hér um og hef verið á hinni hliðinni og þar er sko líf í tuskunum, og hægt að gera ýmislegt fleira en hér og freistingarnar margar.

Og já já þetta er allt að koma hjá okkur, mér tekst ekki.

Verð ég nú að kveðja ykkur að sinni, þakka ég fyrir mig og þakka ég henni sem leyfði mér að koma í sambandið, reyni ég það aftur.

Verið þið sæl.

*Vertu blessaður og gangi þér vel.*